

Mánudaginn 10. febrúarmán.

Nr. 2/1896.

Rjettvísinn

gegn

hjónunum Ingvari Sveinssyni  
og Guðrúnu Jónsdóttur.

### Úrskurður:

Sakamál þetta er af hálfu undirdómarans eigi rannsakað nje upplýst til nokkurrar hlítar, og verður dómur eigi lagður á það, fyr en skýrslur eru fengnar með ýtarlegri rjettarprófun um eptirnefnd atriði:

1. Hvar og hvernig hvíti hnýflótti sauðurinn tvævetri kom saman við fje ákærða, Ingvars Sveinssonar, sem hann tjáist hafa kastað eign sinni á fyrir jól 1894, og hvort ákærði hafi eigi sjálfur komið sauð þessum saman við fje sitt.

2. Hvar og með hverju móti ákærði hafi hirt ull af sauð frá Sigurði Ólafssyni í Hellishólum.

3. Hvar og hvenær og með hverju móti hann hafi tekið hjer um bil hált reyfi af mórauðum gemling Hjörts Oddssonar í Kirkjubæ.

4. Með hverjum atvikum það var og hvar og hvenær, að hann tók lagð af sauð frá Keldum.

5. Með hvaða atvikum hann tók byrði af viði úr Selssundslandi, hvort hann hafi sjálfur höggvið viðinn eða látið höggva hann, eða tekið höggvinn við, og um það, hve mikils virði viðurinn hafi verið.

6. Hvar, hvenær, hvernig og með hvaða atvikum hann tók ómarkaða lambið, sem hann

markaði sjer og seldi síðan út í hreppa í apríl-mánuði 1894, sjerstaklega hvort lamb þetta hafi sjálfkrafa verið komið saman við hans eigið fje.

7. Hvernig hlutdeild hinnar meðákærðu, Guðrúnar Jónsdóttur, í öllum afbrotum manns hennar, Ingvars Sveinssonar, hafi verið varið, og verður að skýra það mikið nákvæmar en gjört hefir verið.

8. Þá þarf að taka fyrir rjetti skýrslur eigenda hinna stolnu kinda, ullar og viðar, um eignarrjett þeirra og iðgjaldakröfur.

9. Ennfremur vantar skýrslu um siðferðisástand hinna ákærðu að öðru leyti, um uppfræðslu þeirra og menntunarástand.

10. Svo verður undirdómarinn og að útvega allar aðrar skýrslur til upplýsingar málinu, sem hinar heimtuðu skýrslur kunna að gefa tilefni til.

F y r i r þ v í ú r s k u r ð a s t :

Undirdómaranum ber að útvega allar ofantaldar skýrslur, svo fljótt sem unnt er.

Nr. 56/1895.

Rjettvísín

gegn

Bjarna Eyjólfssyni, Guðmundi Þorgilssyni  
og Ólafi Teitssyni.

Ú r s k u r ð u r :

Áður en dómur verður lagður á þetta mál,